

Samþykkt um almenna fræðslufundi fyrir félagsmenn KÍ

Fimmta þing Kennarasambands Íslands haldið 6. - 8. apríl 2011 beinir því til stjórnar KÍ að halda áfram að skipuleggja almenna fræðslufundi fyrir félagsmenn um helstu réttinda- og hagsmunamál. Við skipulagningu fræðslu verði meðal annars höfð hliðsjón af tillögum starfshóps um eflingu samstarfs aðildarfélaganna, sem kynntar voru á ársfundi KÍ 2009, og samstarf haft um þetta m.a. við siðaráð, vinnuumhverfisnefnd og jafnréttisnefnd KÍ. Við skipulagningu fræðslufunda sé þess gætt að tekið verði tillit til mismunandi aðstæðna félaga á landsbyggðinni eins og kostur er.

Stjórn KÍ er heimilt að veita fjármunum til fræðslustarfs skv. fjárhagsáætlun KÍ fyrir næsta tímabil.